



# STARFSREGLUR FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKANEFNDAR

---

## 1. gr. Almennt

- 1.1. Seðlabanki Íslands starfar á grundvelli laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands (hér eftir „sbl.“) og er markmið hans að stuðla að stöðugu verðlagi, fjármálastöðugleika og traustri og öruggri fjármálastarfsemi. Seðlabanki Íslands skal sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisforða og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslumiðlun í landinu og við útlönd.
- 1.2. Starfsreglur fjármálastöðugleikanefndar eru settar með vísan til 2. mgr. 14. gr. sbl.
- 1.3. Í starfsreglum þessum er fjallað um helstu atriði sem varða hlutverk fjármálastöðugleikanefndar, m.a. um fundi nefndarinnar, hæfi nefndarmanna, undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana nefndarinnar o.fl.

## 2. gr. Hlutverk, skipan og verkefni fjármálastöðugleikanefndar

- 2.1. Í fjármálastöðugleika felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti.
- 2.2. Ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika, sbr. 13. gr. sbl., eru teknar af fjármálastöðugleikanefnd.
- 2.3. Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar byggjast á vönduðu mati á ástandi og horfum í fjármálakerfinu. Vegna starfa nefndarinnar getur Seðlabanki Íslands haft samvinnu við önnur stjórnvöld, eftir því sem við á, þar á meðal ráðuneyti sem fer með málefni fjármálastöðugleika.
- 2.4. Í fjármálastöðugleikanefnd sitja seðlabankastjóri, varaseðlabankastjóri peningastefnu, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits og þrír sérfræðingar í málefnum fjármálamarkaðar eða hagfræði sem ráðherra sem fer með málefni fjármálastöðugleika skipar til fimm ára í senn. Ráðuneytisstjóri, eða tilnefndur embættismaður ráðuneytis sem fer með málefni fjármálastöðugleika, skal eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka Íslands situr fundi nefndarinnar með málfrelsi.
- 2.5. Seðlabankastjóri er formaður fjármálastöðugleikanefndar og er varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika staðgengill hans. Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika ber ábyrgð á undirbúningi vinnu fyrir fjármálastöðugleikanefnd.
- 2.6. Samkvæmt 13. gr. sbl. eru verkefni fjármálastöðugleikanefndar í fyrsta lagi að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Í öðru lagi að fjalla um og skilgreina þær

aðgerðir sem taldar eru nauðsynlegar á hverjum tíma til að hafa áhrif á fjármálakerfið, í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika, og beina í því skyni ábendingum til viðeigandi stjórnvalda þegar tilefni er til. Í þriðja lagi að samþykkja stjórnvaldsfyrirmæli og taka þær ákvarðanir sem nefndinni er falið að taka með lögum. Í fjórða lagi að ákveða hvaða eftirlitsskyldir aðilar, innviðir og markaðir skuli teljast kerfislega mikilvægir og þess eðlis að starfsemi þeirra geti haft áhrif á fjármálastöðugleika.

2.7. Með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, nr. 70/2020, (hér eftir „**skl.**“), sbr. ennfremur b-lið 13. gr. sbl., tekur fjármálastöðugleikanefnd eftirfarandi ákvarðanir sem skilavaldi er falið að taka samkvæmt skl.:

1. Ákvarðanir um fyrir hvaða aðila verða gerðar einfaldar skilaáætlanir, sbr. 11. gr. skl.
2. Endanleg samþykkt skilaáætlana lánastofnana og verðbréfafyrirtækja á einingagrunni og fyrir samstæður, sbr. 9. og 10. gr. skl.
3. Mat á skilabærni lánastofnana og verðbréfafyrirtækja á einingagrunni og fyrir samstæður, sbr. 13. og 14. gr. skl.
4. Ákvarðanir varðandi annmarka vegna skilabærni, sbr. 15. gr. skl.
5. Endanleg ákvarðanataka um lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, sbr. 17. gr. skl.
6. Efnisleg umfjöllun og tillaga um að gefin verði út opinberlega stjórnvaldsfyrirmæli (reglur) á grundvelli laganna, að undanskildum reglum skv. 4. mgr. 4. gr. og verklagsreglum skv. 4. mgr. 8. gr. skl.

Ákvarðanir samkvæmt 2.-5. tölul. skal fjármálastöðugleikanefnd taka að fengnu áliti fjármálaeftirlitsnefndar. Ákvarðanir samkvæmt 2., 3. og 5. tölul. sem geta haft bein áhrif á ríkissjóð eða kerfislæg áhrif, sbr. 5. gr. skl., verða ekki teknar nema að fengnu samþykki ráðherra.

### **3. gr. Fundir fjármálastöðugleikanefndar**

- 3.1. Fjármálastöðugleikanefnd skal halda fundi að minnsta kosti fjórum sinnum á ári, sbr. 2. mgr. 14. gr. sbl. Formaður nefndarinnar leggur í lok hvers árs fram verk- og fundaaætlun nefndarinnar fyrir næsta ár. Fyrir hvern fund skulu nefndarmenn hafa aðgang að öllum tiltækum gögnum sem nauðsynleg eru til þess að taka upplýsta ákvörðun.
- 3.2. Formaður fjármálastöðugleikanefndar getur að eigin frumkvæði boðað til aukafundar. Þá skal hann boða aukafund ef þrír nefndarmenn óska þess.
- 3.3. Fjármálastöðugleikanefnd er ályktunarhæf ef fimm af sjö nefndarmönnum sitja fund hennar. Það telst fullnægjandi mæting og þátttaka ef nefndarmenn taka þátt í fundum nefndarinnar í gegnum fjarfundarbúnað. Formaður nefndarinnar stýrir fundum og leggur fram dagskrá fundar.
- 3.4. Fyrir boðaðan fund skulu nefndarmönnum send gögn og upplýsingar um ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika, stöðu og horfur í efnahagsmálum, sem og önnur gögn sem geta nýst við umfjallanir og ákvarðanir nefndarinnar.
- 3.5. Formaður nefndarinnar tilnefnir starfsmann Seðlabanka Íslands sem ritara nefndarinnar.
- 3.6. Ritari fjármálastöðugleikanefndar undirbýr dagskrá hvers fundar að höfðu samráði við seðlabankastjóra, varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika og framkvæmdastjóra fjármálastöðugleikasviðs, situr fundi

nefndarinnar og ritar fundargerð. Skrifstofa bankastjóra skal höfð með í ráðum við undirbúning funda nefndarinnar. Almennt skal dagskrá fundar fjármálastöðugleikanefndar vera með þeim hætti að undir fyrsta dagskrárlið skal farið yfir greiningar sem lagðar eru fram á fundinum. Undir öðrum dagskrárlið skulu fara fram umræður um stöðu og horfur. Undir þriðja dagskrárlið skal fjallað um viðbrögð og ákvarðanir teknar þegar svo ber undir.

- 3.7. Dagskrá fundar og önnur nauðsynleg fundargögn skulu að jafnaði send nefndarmönnum eða vera þeim aðgengileg a.m.k. fimm dögum fyrir boðaðan fund.
- 3.8. Aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands sitja fundi ef sérstaklega er óskað vegna mála sem eru til umfjöllunar á fundi eða samkvæmt ákvörðun formanns.
- 3.9. Meirihluti nefndar getur óskað eftir að fá viðbótarkynningar á einstaka efni frá sérfræðingum Seðlabankans. Þá getur meirihluti nefndar óskað eftir kynningum á einstaka efni frá utanaðkomandi sérfræðingum telji hún það hjálpa nefndinni að taka upplýsta ákvörðun.
- 3.10. Nefndin skal leitast við að ljúka málum í sátt. Ákvarðanir fjármálastöðugleikanefndar skulu teknar með einföldum meirihluta, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt ákvörðun formanns. Formaður skal auk þess efna til atkvæðagreiðslu óski nefndarmaður eftir því.
- 3.11. Halda skal fundargerðir um það sem gerist á fundum fjármálastöðugleikanefndar og skal hún undirrituð af þeim sem sitja fundinn. Fundargerðir skulu vistaðar í skjalakerfi Seðlabanka Íslands ásamt framlögðum fundargögnum. Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í fundargerð:
  - dagsetning fundar og fundartími
  - númer fundar;
  - hverjir nefndarmanna voru viðstaddir fundinn;
  - nafn fundarritara;
  - fundargögn sem voru afhent eða lögð fram á fundinum;
  - samantekt á ástandi og horfum fjármálastöðugleika;
  - lýsing á helstu sjónarmiðum sem komu fram á fundinum og skýr niðurstaða ákvarðana þar sem komi fram á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar og
  - bókanir sem einstakir fundarmenn óska um afstöðu sína.
- 3.12. Drög að fundargerð skulu send nefndarmönnum til yfirlstrar og samþykktar eins fljótt sem auðið er. Hafi nefndarmenn athugasemdir við drögin skal þeim komið á framfæri við fundarritara. Athugasemdir við drögin skulu hafa borist eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir birtingu. Fundargerðir eru að jafnaði endanlega samþykktar og undirritaðar af nefndarmönnum. Fullgildar rafrænar undirritanir jafngilda eiginhandar undirritunum. Fundargerð hvers fundar fjármálastöðugleikanefndar skal birta opinberlega innan mánaðar frá fundi og þar skal gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra og mati á ástandi og horfum. Fyrir birtingu fundargerðar fjármálastöðugleikanefndar skal afmá úr henni efni sem ætla má að gæti haft neikvæð áhrif á fjármálastöðugleika.
- 3.13. Formaður nefndarinnar getur, meti hann það svo vegna sérstakra aðstæðna, boðað til fjarfundar og lagt þar mál fyrir til ákvörðunar og móttakið atkvæði í gegnum fjarfundarbúnað eða með tölvupósti. Nú þóli ákvörðun ekki bið og ráðrúm gefst ekki til að boða til fundar og er þá heimilt að óska með sannanlegum hætti eftir að nefndarmenn taki afstöðu til tillögu í atkvæðagreiðslu utan fundar og gilda þá ákvæði í grein 3.3 um ályktunarhæfi nefndarinnar. Ákvarðanir sem teknar eru með fyrrgreindum hætti skulu staðfestar á næsta fundi og færðar í fundargerð.

#### **4. gr. Yfirlýsing, fréttatilkynningar, ummæli nefndarmanna o.fl.**

- 4.1. Fjármálastöðugleikanefnd skal senda frá sér yfirlýsingu um ákvörðun um beitingu stýritækja með fréttatilkynningu, utan venjulegs opnunartíma íslenskra fjármálamarkaða, eigi síðar en viku eftir fund nefndarinnar.
- 4.2. Í yfirlýsingunni skal m.a. koma fram mat á ástandi og horfum í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika.
- 4.3. Ákvörðunum nefndarinnar skal fylgja greining á þeirri kerfisáhættu sem aðgerðin á að vinna gegn og rökstuðningur fyrir því hvernig aðgerðinni er ætlað að vinna gegn þeirri áhættu.
- 4.4. Framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs undirbýr drög að yfirlýsingunni og ákvörðunum um beitingu stýritækja. Nefndin vinnur síðan sameiginlega að endanlegri yfirlýsingu með það að markmiði að ná samstöðu um orðalag og skilaboð.
- 4.5. Nefndarmönnum fjármálastöðugleikanefndar er frjálst að tjá skoðanir sínar á ástandi og horfum í fjármálakerfinu en til þess er mælt að nefndarmenn forðist að tjá sig um viðhorf annarra nefndarmanna og taki skýrt fram að þeir tjái eigin skoðanir og að skoðanir þeirra þurfi ekki að endurspegla skoðanir annarra í nefndinni né skoðanir fjármálastöðugleikanefndar og Seðlabanka Íslands.
- 4.6. Fjármálastöðugleikanefnd skal skila Alþingi skýrslu um störf sín einu sinni á ári.

#### **5. gr. Hæfi nefndarmanna**

- 5.1. Um hæfi nefndarmanna gilda lög nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands og ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993.
- 5.2. Nefndarmenn skulu í hvívetna gæta að hæfi sínu við umfjöllun einstakra mála. Nefndarmönnum er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi þeirra og skulu þeir gera það um leið og slík mál koma upp. Ef vafi leikur á um hæfi nefndarmanns tekur fjármálastöðugleikanefnd ákvörðun um hvort hann skuli víkja sæti vegna vanhæfis.
- 5.3. Sé nefndarmaður vanhæfur skal viðkomandi ekki taka þátt í meðferð þess máls að neinu leyti og skal ekki hafa aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður eða ákvarðanatöku á fundinum. Bóka skal í fundargerð að hluteigandi hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum.
- 5.4. Ef enginn nefndarmaður hefur vakið athygli á mögulegu vanhæfi sínu til að taka ákvörðun um einstök mál sem eru til meðferðar á fundi nefndarinnar, skal formaður nefndarinnar taka það fram í upphafi fundar og jafnframt skal það bókað í fundargerð.
- 5.5. Um viðskipti nefndarmanna við eftirlitsskylda aðila gilda ákvæði reglna þar um, nú reglna frá 23. mars 2020 nr. 303/2020.

#### **6. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 6.1. Nefndarmenn, starfsmenn og aðrir gestir funda nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans, viðskipti og rekstur eftirlitsskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu eða fram koma á fundum nefndarinnar og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Sama gildir um sérfræðinga, verktaka og aðra sem starfa fyrir eða á vegum bankans. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 6.2. Nefndarmönnum, starfsmönnum eða öðrum gestum á fundum nefndarinnar er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem þeir komast yfir vegna starfs síns í bankanum eða fundarsetu á fundi nefndarinnar, þar á meðal í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón í viðskiptum. Nefndarmenn skulu gæta að ummælum utan funda um einstaka aðila sem þeir gætu hafa fengið upplýsingar um á fundum nefndarinnar.
- 6.3. Um meðferð nefndarmanna á innherjaupplýsingum og viðskiptum innherja gilda ákvæði reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 1050/2012 sem Fjármálaeftirlitið hefur sett á grundvelli 132. gr. laga nr. 108/2007, sbr. 2. mgr. 130. gr. sömu laga.

## **7. gr. Undirritun, breytingar, gildistaka ofl.**

- 7.1. Ákvörðun um setningu starfsreglna þessara skal tekin á fundi fjármálastöðugleikanefndar og undirritaðar af nefndarmönnum við samþykki þeirra.
- 7.2. Ákvörðun um breytingu á starfsreglum fjármálastöðugleikanefndar er tekin á fundi nefndarinnar. Hver nefndarmaður getur lagt fram skriflega tillögu um breytingar til nefndarinnar og óskað eftir að tillagan verði sett á dagskrá næsta fundar fjármálastöðugleikanefndar.
- 7.3. Þessar starfsreglur hafa verið settar af fjármálastöðugleikanefnd, sbr. 2. mgr. 14. gr. sbl., og staðfestar af bankaráði Seðlabanka Íslands á fundi bankaráðs 23. september 2020, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr. sömu laga. Starfsreglurnar taka þegar gildi við undirritun fjármálastöðugleikanefndar hinn 8. október 2020 og falla þá úr gildi starfsreglur nefndarinnar frá 16. mars 2020.
- 7.4. Birta skal starfsreglur fjármálastöðugleikanefndar á vefsíðu Seðlabanka Íslands.